



Borgarráð

Frístundir í Breiðholti - skýrsla og tillögur

Lögð er fram til kynningar skýrsla um stöðu tilraunaverkefnisins „Frístundir í Breiðholti“. Jafnframt eru lagðar fram til samþykktar, annars vegar tillaga um útfærslu og framhald verkefnisins „Frístundir í Breiðholti“ og tillaga að nýtingu aðferða og reynslu af tilraunaverkefninu „Frístundir í Breiðholti“ í öðrum borgarhlutum Reykjavíkur. Tillaga um framhald verkefnisins „Frístundir í Breiðholti“ felur í sér tíu tillögur til samþykktar. Tillögur 1., 5.-7. og 9. fela í sér aukinn kostnað sbr. kostnaðaráætlun í tillögu vegna ársins 2024 upp á 23 mkr. Lagt er til að umræddar aðgerðir verði festar í sessi og að Suðurmíðstöð stýri þeim. Fjármögnun er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Greinargerð:

Þann 27. ágúst 2020 samþykkti borgarráð að hefja tilraunaverkefnið „Frístundir í Breiðholti“. Verkefnið hófst í september 2020 og mun ljúka í lok árs 2023. Hjalögð skýrsla sýnir stöðu verkefnisins í dag.

Jafnframt eru lagðar fram tillögur til samþykktar. Í ljósi þess að börnum af erlendum uppruna fjölga ár frá ári í Breiðholti er ljóst að frekari vinnu er þörf til að auðvelda samfélagslega þátttöku, líkt og í íþrótt- og frístundastarfi. Tillögu um útfærslu og framhald verkefnisins „Frístundir í Breiðholti“ fylgja tillögur í tíu liðum ásamt kostnaðaráætlun fyrir árið 2024.

Tillaga að nýtingu aðferða og reynslu af tilraunaverkefninu í öðrum borgarhlutum felst m.a. í því að valið verði svæði sem hefur þörf fyrir sérstakar aðgerðir til að efla þátttöku í íþróttum og frístundum, settur verði á fót styrktarsjóður sem styrki börn og foreldra sem skortir fjármuni til að kosta þátttöku barna í íþróttum og frístundum og að ráðinn verði íþrótt- og frístundatengill til að stýra verkefninu. Þeirri tillögu fylgir ekki kostnaðaráætlun.

Neðangreind tafla sýnir kostnaðaráætlun vegna ársins 2024 vegna tillögu um útfærslu og framhald verkefnisins „Frístundir í Breiðholti“:

Kostnaðaráætlun vegna ársins 2024:

1. Íþróttaverkefni leikskólanna á vor og haustönn: 2x1.500.000	3.000.000
2. Aukastyrkveiting kr. 30.000 ári til allra barna í 1.-2. bekk í Breiðholti:	0
3. Íþróttastarf 1. -2. bekkjar á milli kl. 14:00-17:00	0
4. Frístundarúta	0
5. Kynningarmál	3.000.000
6. Íslenskuþjálfun, félagsleg virkni. Fræðsla fyrir leiðbeinendur og þjálfara	2.000.000
7. Styrktarsjóður	6.000.000
8. Íþróttahúsið við Austurberg	0
9. Íþrótt- og frístundatengill	9.000.000
10. Víðtæk samvinna	0
<hr/> Samtals	23.000.000



Nánar um þær tillögur sem fela í sér aukinn kostnað:

Tillaga 1. Íþróttaverkefni leikskólanna:

Íþróttaverkefni leikskólanna fyrir elsta árgang leikskólabarna verði starfrækt áfram. Í verkefninu fá öll börn í elsta árgangi leikskólanna í Breiðholti tækifæri til að taka þátt í skipulögðum íþróttatímum án endurgjalds í nærliggjandi íþróttahúsi undir stjórn íþróttakennara. Þarna fá öll börnin óháð bakgrunni eða efnahag að stíga sín fyrstu skref í íþróttapátttöku.

Tillaga 5. **Öflug kynning** í samstarfi við leikskóla, grunnskóla, frístund, íþrótt- og frístundaaðila og sendiherra. Útgáfa og dreifing bæklinga, myndbanda og auglýsinga á fjölda tungumála í prent- og netmiðlum, í grunnskólum, meðal íbúa hverfisins og meðal útvaldra markhópa.

Tillaga 6. **Íslenskupjálfun, félagsleg virkjun og samfélagsleg þátttaka verði efl**d með þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi. Þjálfurum og leiðbeinendum standi reglulega til boða að sækja námskeið til að efla færni sína á þessum sviðum.

Tillaga 7. Styrktarsjóður til eflingar íþrótt- og frístundapátttöku.

Sjóðurinn styrkir börn og foreldra sem skortir fjármuni til að kosta þátttöku barna sinna í íþróttum, listum og öðru frístundastarfi.

Tillaga 9. **Íþrótt- og frístundatengill** starfi í Breiðholti við að kynna íþrótt- og frístundakosti fyrir börnum og foreldrum ásamt því að aðstoða við skráningar og fyrstu skref barnanna til þátttöku. Reynsla er komin á þetta fyrirkomulag í hverfinu og augljóst að starfið hefur gríðarlega þýðingu. Íþrótt- og frístundatengillinn hefur kynnt íþrótt- og frístundastarfið reglulega með heimsóknum í hverja einustu bekkjardeild allra grunnskólanna í hverfinu. Hann vinnur í nánu samstarfi við skólastjórnendur og kennara við að finna börn sem eru félagslega óvirk og aðstoðar þau og foreldra þeirra við að bæta virkni barnsins.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla um tilraunaverkefnið „Frístundir í Breiðholti“ – staða verkefnis, dags. 11. apríl 2023.

Tillaga um útfærslu og framhald verkefnisins „Frístundir í Breiðholti“, dags. 14. apríl 2023.

Tillaga að nýtingu aðferða og reynslu af tilraunaverkefninu „Frístundir í Breiðholti“ í öðrum borgarhlutum, dags. 14. apríl 2023.



„Frístundir í Breiðholti“ tilraunaverkefni

Samþykkt í borgarráði 27. ágúst 2020
Hófst í september 2020 og lýkur í lok árs 2023.

Staða verkefnisins

Markmið

1. Að auka þátttökuhlutfall í íþrótta- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.
2. Að auka nýtingu frístundakortsins í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.
3. Að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám- og félagslega virkni barna með mismunandi bakgrunn að íslensku samfélagi.

Árangur:

Marmið 1: Í upphafi verkefnisins voru virkir nemendur í Breiðholti, samkvæmt frístundakortinu 65%. Samkvæmt könnun sem gerð var í grunnskólum hverfisins voru virkir nemendur í íþrótta- og frístundastarfi sem hér segir:

Haust 2021: 77% virkir

Haust 2022: 80% virkir

Þetta teljum við vera góðan árangur miðað við að börnum af erlendum uppruna hefur á sama tíma fjölgað, en vitað er að þau taka síður þátt í íþrótta- og frístundastarfi en börn með íslenskan bakgrunn.

Markmið 2: Eins og í Reykjavík í heild lækkaði nýtingin á frístundakortinu í Breiðholti á covid árunum 2020 og 2021 miðað við nýtinguna árin á undan. Tölurnar hafa svo stigið upp á við aftur árið 2022 og nýtingin í 109 komin til jafns við bestu nýtingu sl. tíu ára. Nýtingin í 111 hefur ekki náð sömu nýtingu 2022 og hún var fyrir covid. Rannsóknir sýna að börn af erlendum uppruna nýta frístundakortið síður og taka síður þátt í skipulögðum íþróttum og frístundum en börn af íslenskum uppruna. Íbúasamsetning borgarinnar og þar með Breiðholtsins hefur tekið hröðum breytingum frá 2019. Hlutfall íbúa af erlendum uppruna í borginni hefur vaxið úr 16% árið 2019 í 20.5 % árið 2022. Íbúum af erlendum uppruna hefur fjölgað í borginni um 36% frá 2019 á meðan íbúum af íslenskum uppruna hefur fjölgað um 1%.

Þróun íbúafjölda í Reykjavík	2019	2022	
Íbúafjöldi alls í Reykjavík	131.220	139.940	+6.6%
Íbúar með erlent ríkisfang	21.060	28.620	+36%
Íbúar með íslenskt ríkisfang	110.160	111.320	+1%

Þróun íbúafjölda í Breiðholti	2019	2022	
Hverfi 109	12.673	12.823	+1%
Hverfi 111	9.284	9.455	+2%
Barnafjöldi í Breiðholti	2019	2022	
Börn á grunnskólum í Breiðholti	2429	2416	-0.5%
Börn af erlendum uppruna í gr.skólum BH	850	966	+116 +13.5%
Börn af ísl.upprunar í gr. skólum BH	1.579	1.450	-129 -9%
Börn á aldrinum 6-18 ára í Breiðholti	3407	3347	-2.0%
Börn af erl. uppruna á aldrinum 6-18 í BH	1.192 (35%)	1.338 (40%)	+146 +12%
Börn af ísl.upprunar á aldrinum 6-18 í BH	2.215 (65%)	2.009 (60%)	-206 -10%
Börn í grunnskólum hverfis 111	831	821	-1%
Börn í grunnskólum hverfis 109	1598	1595	+0%

Börnum á grunnskólaaldri í Breiðholti hefur ekki fjölgað frá 2019. Miðað við fjölgun barna af erlendum uppruna hafi verið um 4% frá 2019 má gera ráð fyrir að börnum af erlendum uppruna hafi fjölgað um 150-200 og börnum af íslenskum uppruna því fækkað sem því nemur. Þessi hraða breyting á samsetningu íbúanna í Breiðholti gæti skýrt að einhverju leyti lækkaða nýtingu frístundakortsins í hverfi 111.

Nýting frístundakortsins í Breiðholti 2019 og 2022:

	2019	2022	
Hverfi 109	77%	79%	+2
Hverfi 111	65%	59%	-6

Nýting frístundakortsins hjá íþróttafélögnum þremur í Breiðholti 2019-2022:

	2019	2022	
ÍR	871	1041	+19.5 %
Leiknir	125	138	+10.5 %
Ægir	71	125	+76.0 %
Samtals:			+22.0 %

Nýting frístundakortsins hjá íþróttafélögnum þremur hefur aukist að meðaltali um 22% á milli árána 2019-2022. 92% fleiri nýta frístundakortið hjá Ægi í hverfi 111 á tímabilinu og aukningin hjá ÍR í hverfi 111 er 35%. Aukningin hjá Ægi í hverfi 109 er 67% og hjá ÍR er aukningin 13% í hverfi 109.

Nýting frístundakortsins hjá öðrum frístunaaðilum í Breiðholti 2019-2022:

	2019	2022	
World Class	188	221	+17.5%
Frístundaheimili	165	221	+34%
Dans Brynju Péturs	101	79	-12%
Tónskóli Sigursveins	38	53	+39%
Tónskóli Eddu Borg	57	78	+37%
Samtals:	549	652	+19%

Markmið 3: Erfitt er að leggja mat á markmið 3 en vert að geta fjölda verkefna sem komið var á laggirnar með markmið 3 í huga: Menningarnæmisnámskeið fyrir þjálfara og leiðbeinendur í íþrótt- og frístundastarfi, íslenskunámskeið af ýmsum toga, íslenskuþjálfunarnámskeið í samstarfi við íþróttafélög, boðið upp á nýja möguleika í íþrótt- og frístundastarfi í hverfinu, aðstöðusköpun fyrir nýjar greinar íþróttar og menningar, fjölmenningshátíðir, stóraukið samstarf grunnskólakennara og starfsmanna Suðurmíðstöðvar, stóraukið samstarf sendiherra mismunandi mál- og menningarhópa við starfsfólk Suðurmíðstöðvar, aukið samstarf starfsmanna Miðbergs og Suðurmíðstöðvar, aukið samstarf milli fagstétta innan Suðurmíðstöðvar, aukið samstarf við íþrótt- og frístundaaðila í hverfinu. Allt þetta auðveldar börnum með mismunandi bakgrunn að taka virkan þátt í samfélaginu og samstarfsfólki á öllum þessum sviðum að beina börnum inn á virknibrautina.

Megin aðgerðir:

1. Íþróttaverkefni leikskólanna:

Allir leikskólar í Breiðholti taka þátt í íþróttaverkefni leikskólanna þar sem elsti árgangur leikskólabarna fær skipulagðan íþróttatíma einu sinni í viku í nærliggjandi íþróttahúsi þar sem íþróttþjálfari frá ÍR stjórnar tímunum með aðstoð leikskólustarfsmanna.

Árangur: Allir leikskólarnir taka þátt samkvæmt áætlun.

2. Breiðholtskrakkar 1.-2. bekkur:

Frístundakortið nægi fyrir þátttöku í öllu íþrótt- og frístundastarfi í 1.-2.bekk og að þátttakendur geti fært sig á milli íþrótt- og frístundakosta án aukagjalds:

Frá 1. janúar 2021 hefur börnum í 1.-2. bekk grunnskólanna í Breiðholti staðið til boða að taka þátt í tveimur íþrótt- og frístundakostum gegn greiðslu hálf frístundakorts kr. 25.000 fyrir önnina.

Árangur: 200-250 börn haf nýtt þetta tækifæri á önn í fjölda íþróttagreina hjá ÍR, fótbolta, blaki og körfubolta hjá Leikni, sundi hjá Ægi, dans hjá Dansgarðinum og Dans Brynju Péturs og tónlist hjá Tónskóla Eddu Borg og Tónskóla Sigursveins. Þeir sem hafa skráð sig hjá ÍR sem eru um 150 börn á önn hafa getað fært sig á milli og prófað mismunandi íþróttagreinar án aukagjalds.

3. Íþróttir og frístundir yngstu aldurshópana verði í boðið frá 14:00-18:00.

Árangur: Öll starfsemi íþrótt- og frístundaðila í Breiðholti fyrir þennan aldurshóp er rekin innan þessa tímaramma.

4. Frístundarúta án endurgjalds á milli 14:00-18:00:

Frístundarútan ekur börnum í 1.-4. bekki frá frístundaheimilum í íþróttir, dans, tónlistarnám eða aðra frístundastarfsemi.

Árangur: Rútan fer tvo hringi um hverfið á tímabilinu 14:00-16:00 á virkum dögum á vor- og haustönn og eru 60-120 börn sem nýta ferðir hennar á hverjum degi. Starfsmaður frá frístundamiðstöðinni Miðbergi hefur umsjón með börnunum í rúttunni.

5. Öflug kynning á íþrótt- og frístundastarfi í öllum kimum samfélagsins:

Kynning verkefnisins fer fram með þrennum hætti:

A) Kynning í grunnskólum: Íþrótt- og frístundatengill verkefnisins gengur í alla bekki allra árganga að hausti og kynnir íþrótt- og frístundaframboð hverfisins. Kennarar og annað starfsfólk grunnskólanna dreifir upplýsingaefni til nemenda og vaktar hvaða nemendur eru óvirkir í íþrótt- og frístundastarfi. Íþrótt- og frístundatengill verkefnisins vinnur náið með starfsmönnum skólanna og aðstoðar þá nemendur sem vilja hefja þátttöku. Starfsmenn verkefnisins eru til staðar í öllum grunnskólunum

hverfisins þegar foreldraviðtöl fara fram og gefa foreldrum og börnum upplýsingar.

B) (Sendiherrar) Tengiliðir mál og menningarhópa: Íbúar af erlendum uppruna hafa tekið að sér í sjálfboðavinnu að koma upplýsingum um íþrótt- og frístundastarf og frístundakortið til þeirra hópa sem þeir eru fulltrúar fyrir á sínu tungumáli. Upplýsingafundir hafa verið haldnir með hverjum mál/menningarhópi þarf sem íþróttir og frístundir í Breiðholti og frístundakortið hafa verið kynntar ásamt því að fá fram umræðu og hugmyndir frá fólki með mismunandi bakgrunn. Slíkir fundir hafa farið fram í moskum, kirkjum, félagsheimilum og í Gerðubergi og Árskógum.

C) Kynning með myndböndum, bæklingum, dreifimiðum, auglýsingum og skrifum í blöðum og netmiðlum. Bæklingur um íþrótt- og frístundaframboð í Breiðholti er nú til á níu tungumálum. Íslensku útgáfu hans hefur verið dreift að hausti á öll heimili í hverfinu. Myndbönd um gildi þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi, hvað er í boði af slíku í Breiðholti og hvernig skrái ég mig eru til á fjórum tungumálum og hafa verið í dreifingu á netmiðlum. Myndböndin voru unnin í samstarfi við Háskóla Íslands. Auglýsingar og umfjöllun um verkefnið birtist mánaðarlega í Breiðholtsblaðinu. Bæklingar og upplýsingar á mörgum tungumálum eru sendar reglulega á alla foreldra grunnskólabarna í hverfinu í gegnum Mentor. Í samvinnu við HÍ voru gerð stutt myndbönd þar sem börn lýsa því á mörgum tungumálum hvernig sé að taka þátt í íþróttum, dansi, tónlist eða öðru frístundastarfi í Breiðholti. Skráningar- og kynningardagar hafa verið haldnir tvisvar í göngugötunni í Mjódd í samstarfi við íþrótt- og frístundaaðila í hverfinu.

Árangur: Kynningarstarfið í grunnskólunum með íþrótt- og frístundatengilinn í fararbroddi hefur náð til allra barna í grunnskólunum. Maður á mann nálgun með hjálp grunnskólakennaranna er aðferð sem er einstök. Tilkoma sendiherra mál- og menningarhópa hefur bætt upplýsingaflæðið til viðkomandi hópa og fjöldi hugmynda komið til baka um bætt íþrótt- og frístundaframboð. Til að ná til foreldra eru bæklingar um íþrótt- og frístundaframboð í hverfinu bornir inn á hvert heimili í hverfinu einu sinni á ári og sendir á alla foreldra í gegnum Mentor þrisvar á ári. Einnig hefur viðvera í skólunum þegar foreldraviðtöl eiga sér stað í hverjum skóla gefið af sér mörg viðvik t.d. 127 á haustönn 2022 og eru nú í gangi.

6. Íslenskunám, félagsleg þátttaka og samfélagsleg virkni með íþrótt- og frístundastarfi:

Árangur:

Meningarnæmisnámskeið hafa verið haldin til að efla kennara, þjálfara og leiðbeinendur í að taka á ofangreindum þáttum með sérstakri áherslu á börn af erlendum uppruna og þau börn sem eru að hefja þátttöku. Alls hafa 70 kennarar, þjálfarar og leiðbeinendur setið námskeiðin. Í kjölfarið á þessum námskeiðum hafa ÍBR og ÍSÍ lýst yfir áhuga um samstarf og að geta byggt á reynslu okkar af þessum námskeiðum til að undirbúa námskeið með svipuðu innihaldi til að halda í öðrum hverfum og um landið vítt og breytt. Í vinnu við nýja aðgerðaáætlun borgarinnar í forvörnum er þetta ein af aðgerðunum sem mælt er með.

Íslenskunámskeið fyrir börn hafa verið haldin með fjölbreyttum hætti. Námskeiðin hafa verið haldin í Gerðubergi, Árskógum og hjá ÍR. Öll námskeiðin hafa það að markmiði að þjálfar börnin í því að nota íslensku í leik og starfi. Alls hafa 42 (auk ÍR- sumarnámskeið) tekið þátt í námskeiðunum.

7. Styrktarsjóður

Reglur styrktarsjóðsins voru mótaðar í október 2020 og sjóðurinn kynntur í kjölfarið meðal íþrótt- og frístundaaðila og borgarstarfsmanna sem vinna með börnum í hverfinu. Umsóknir berast frá þjálfurum, leiðbeinendum eða forsvarsmönnum íþrótt- og tómskundaaðila í hverfinu og svo frá sálfræðingum og félagsráðgjöfum Suðurmiðstöðvar.

Árangur:

Umsóknir afgreiddar: 39

Einstaklingar sem hafa notið styrkja: 55

Í langflestum tilfellum hafa styrkveitingarnar gert börnunum mögulegt að halda áfram íþróttá-, lista-, eða frístundaiðkun sinni eða að taka þátt í verkefnum sem þau annars hefðu ekki getað tekið þátt í tengdri iðkuninni.

8. Íþróttá- og frístundatengill:

Upphaflega var gert ráð fyrir að hver grunnskóli fengi fjármagn til að ráða starfsmann í hlutastarf sem íþróttá- og frístundatengill sem aðstoðaði óvirka nemendur við að verða virkir. Þegar til kom gekk það ekki og afráðið var að ráða Jóhannes Guðlaugsson frístundaráðgjafa og þjálfara í fullt starf við að sinna þessum verkum í öllum grunnskólum hverfisins. Hans hlutverk er að kynna íþróttá- og frístundamöguleika reglulega í skólunum og aðstoða börn og unglunga sem eru að taka sín fyrstu skref inn í íþróttá- og frístundastarf. Hann vinnur náið með starfsmönnum grunnskólanna, sálfræðingum og félagsráðgjöfum Suðurmiðstöðvar og tengiliðum mál- og menningarhópa „sendiherrunum“ til að nálgast börnin til ráðgjafar. Hann hefur einnig verið mjög virkur við að ýta undir framboð á nýjum íþróttá- og frístundakostum í Breiðholti og mæta þannig óskum frá grunnskólabörnum, sendiherrum mál- og menningarhópa og íbúa í Breiðholti, sjá nánar í lið 9.

Árangur:

Börn sem hafa notið beinnar aðstoðar frístundatengils: 277

Heimsóknir í skóla og á foreldraviðtalsdaga: 163

Fjöldi heimsókna á kynningarfundum hjá mál- og menningarhópum: 152

Yfirgnæfandi meirihluti þeirra 277 barna sem hafa fengið beina aðstoð voru óvirk börn af erlendum uppruna eða þau sem búa við erfiðar heimilisaðstæður.

Fjölmennustu kynningarfundirnir á meðal mál- og menningahópahafa hafa verið í Stórmoskunninni með 140 manns, tælenska hófinu með 70 manns og með rúmenska hópnum í Árskógum með 30 manns.

9. Ný verkefni og ný tækifæri:

Með heimsóknum í bekkjardeildir grunnskólanna og á fundum með menningar- og málhópum hafa komið fram óskir og tillögur um aukna fjölbreytni íþróttá- og frístundastarfs í Breiðholti. Einnig hafa komið fram ýmsar óskir frá sendiherrum Breiðholts eða frá þeirra samfélögum. Starfsmenn verkefnisins hafa lagt áherslu á að verða við þessum óskum hratt og vel.

Árangur:

- Körfuboltaæfingar - Leiknir/Ápena (aukið framboð fyrir börn á öllum aldri í körfu – rétt tæplega 100 skráðir)
- Bandyæfingar – áhugahópur um Bandy (10-12 ára þrisvar í viku – 10 börn, 13-16 hefur ekki gengið enn)
- Kung Fu æfingar – hópur á vegum pólsku sendiherranna í Breiðholti (6-12 ára þrisvar í viku 12-16 börn að mæta)
- Karateæfingar – hópur á vegum pólsku sendiherranna í Breiðholti (6-12 ára einu sinni í viku - 6-10 börn að mæta)
- Badminton æfingar – Leiknir (6-16 ára tvisvar í viku - 15-10 börn að mæta)
- Opinn íþróttahópur fyrir unglunga – Frístundatengill í samstarfi við Miðberg (unglingar sem vilja bara leika sér í íþróttum, tvisvar í viku – frá 6-40 að mæta)
- Gym hópar fyrir unglunga – Frístundatengill í samstarfi við Grunnskólanna (Stelpu – og strákahópar tvisvar í viku hver hópur – 5-12 í hverjum hóp, 5 hópar hingað til)

- Aukið framboð í World Class í unglingsdeildum í efra Breiðholti, einu sinni í viku – Frístundatengill í samstarfi við Hólabrekkuskóla og Fellaskóla (Allir í unglingsdeild Fellaskóla og 9. og 10. bekkur í Hólabrekkuskóla)
- Ungbarnaleikfimi – hópur á vegum pólsku sendiherranna í Breiðholti (1.-4. ára á laugardögum – 8-16 börn að mæta)
- Manga teiknimyndanámskeið á þremur stöðum, einu sinni í viku – Frístundatengill í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík (Miðberg, Seljaskóla og Ölduselsskóla – 12-20 í hverjum hóp)
- Hönnunarnámskeið í síma og tölvu, einu sinni í viku – Frístundatengill í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík (Seljaskóla, námskeið fyrir unglinga – 7 skráðir)
- Íslenskunámskeið fyrir börn, tvisvar í viku – Frístundatengill (6-14 ára – 18 skráð á fyrsta, 12 voru á síðasta og skráning í gangi á næsta)
- Íslenskunámskeið fyrir fullorðna, einu sinni í viku – Frístundatengill (Byrjuðum með eitt í byrjun árs 2022 – 25 skráðir, núna eru 60 skráðir sem byrjaði febrúar 2023)

Önnur verkefni

- Leikfimi fyrir konur, einu sinni í viku – áhugahópur kvenna af erlendum uppruna (12-20 að mæta)
- Hljómsveitaæfingar – Frístundatengill í samstarfi við sendiherra Breiðholts (4 hljómsveitir að æfa reglulega)
- Badmintonæfingar fyrir fjölskyldur – Leiknir (10 – 25 að mæta)
- Tónleikahald (Einir tónleikar haldnir í Gerðubergi og tvennir tónleikar í bígerð)

Það hefur verið lykilorð að rekstri Austurbergs var breytt þar sem tímar voru teknir frá til að „hlusta á hverfið“, sjá neðar, einnig hefur pláss í Fellaskóla nýst vel.

10. Nýtt hlutverk íþróttahússins við Austurberg- hlustum á hverfið

Með stórbættari aðstöðu fyrir íþróttaiðkun á ÍR svæðinu og flutningi á starfsemi félagsins úr Austurbergi í nýju aðstöðuna sköpuðust möguleikar til að breyta nýtingu íþróttahússins við Austurberg. Vorið 2022 komst á samstarf á milli ÍTR, ÍBR og Suðurmíðstöðvar um að skoða hvernig íþróttahúsið við Austurberg gæti nýst íbúum í Efra Breiðholti sem best á næstu árum. Haustið 2022 hófst svo starfsemi með breyttu sniði. Körfuknattleiksdeild Leiknis/Aþenu flutti starfsemi sína í húsið. Æfingar í badminton hófust á vegum Leiknis, æfingar í bandý hófust á vegum áhugamanna um íþróttina og opnar æfingar/íþróttatímar fyrir unglinga án áherslu á keppni hófust. Að hafa möguleika á að koma fyrir æfingum í nýjum íþróttagreinum í Austurbergi er mikils virði og hefur þegar orðið til þess stórauka íþróttframboðið í hverfinu. Kjallari íþróttahússins í Austurbergi sem var lengi nýttur fyrir frístundaheimili, félagsaðstöðu og karateæfingar hefur ekki verið nýttur veturinn 2022-2023. Kjallarinn gefur möguleika á að auka enn á framboð íþrótt- og frístundstarfs sem kallað hefur verið eftir s.s. bardagaíþróttir, borðtennis og aðstöðu til tónlistaræfinga og félagsstarfs. Því er brýnt að koma honum í nothæft horf sem allra fyrst.

11. Víðtæk samvinna um að efla og auðvelda þátttöku barna í íþrótt og frístundastarfi:

Í upphafi verkefnisins voru haldnir samráðsfundir með íþrótt- og frístundaaðilum í hverfinu til að kynna og útfæra verkefnið. Frá þeim fundi hefur náin samvinna verið við alla íþrótt- og frístundaðila í hverfinu og fundir og samtöl við starfsmenn hvers aðila verið haldnir reglulega. Náð samstarf hefur þróast milli starfsmanna verkefnisins og starfsmanna Suðurmíðstöðvar um að koma óvirkum börnum til virkni. Samstarf við stjórnendur og starfsmenn leikskóla, grunnskóla og frístundastarf var skipulagt í samstarfi við fagstjóra leik- og grunnskóla og frístundar í Breiðholti. Starfsmenn verkefnisins kynna verkefnið og ræða hlutverk starfsmanna skólanna á starfsmannafundum ár hvert í ágúst. Með þessu

nána samstarfi og skýru hlutverki starfsmanna skólanna hefur myndast traust og áhugi meðal þeirra um nauðsyn þess að nemendur séu virkir í íþróttum og frístundum. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir stjórnnum foreldrafélaga grunnskólanna.

Árangur:

Viðtökur allra þessara aðila hefur verið afar jákvæðar. Að starfsfólk Suðurmíðstöðvar, leikskólanna, grunnskólanna, frístundar og íþrótt- og frístundaaðila í hverfin hafi náð að tengjast og koma á samstarfi byggðu á trausti er stór áfangi og að mörgu leiti einstakur í borginni. Viðurkenning allra samstarfsaðila á því að þátttaka í íþrótt- og frístundastarfi sé eitt það mikilvægasta sem börn geta gert til að efla þátttöku sína í samfélaginu er einnig stór áfangi. Traust og sameiginleg sýn eflir samstarfsaðila til að láta verkin tala. Aðferðir verkefnisins hafa stuðlað að inngildingu í hverfinu og lagt grunninn að frekari árangri við að skapa heildstæðara samfélag.

11. apríl 2023

Práinn Hafsteinsson, verkefnastjóri frístunda og félagsauðs, Suðurmíðstöð.
Jóhannes Guðlaugsson, íþrótt- og frístundatengill, Suðurmíðstöð



Tillaga um útfærslu og framhald verkefnisins „Frístundir í Breiðholti“.

Í ljósi þess að íbúum af erlendum uppruna og þar með börnum af erlendum uppruna fjölga hlutfallslega ár frá ári í Breiðholti er ljóst að frekari vinnu er þörf til að auðvelda þeim samfélagslega þátttöku s.s. í íþrótt- og frístundastarfi. Allar rannsóknir sýna að börn af erlendum uppruna taka síður þátt í íþrótt- og frístundastarfi eftir skóla en börn með íslenskan bakgrunn og er hættar við félagslegri einangrun. Þegar hlutfall barna af erlendum uppruna í grunnskólum í Breiðholti er komið í 40% er augljóst að herða verður róðurinn við að upplýsa foreldra um gildi þátttökunnar og að auðvelda börnunum þátttökuna með þeim ráðum sem hafa gefið bestan árangur í tilraunaverkefninu „Frístundir í Breiðholti“. Að geta haldið áfram að sinna óvirkum börnum með maður á mann aðferðinni í samstarfi við grunnskólana og sendiherra mál- og menningarhópa er lykilatriði í að koma á veg fyrir einangrun og mismunun í fjölbreyttu samfélagi Breiðholtsins. Því er lagt til að eftirfarandi aðgerðir verði festar í sessi í Breiðholti og þeim stýrt frá Suðurmíðstöð.

Breiðholt:

1. Íþróttaverkefni leikskólanna:

Íþróttaverkefni leikskólanna fyrir elsta árgang leikskólabarna verði starfrækt áfram. Í verkefninu fá öll börn í elsta árgangi leikskólanna í Breiðholti tækifæri til að taka þátt í skipulögðum íþróttatímum án endurgjalds í nærliggjandi íþróttahúsi undir stjórn íþróttakennara. Þarna fá öll börnin óháð bakgrunni eða efnahag að stíga sín fyrstu skref í íþróttþátttöku.

2. **Aukastyrkveiting kr. 30.000 á ári til allra barna í 1.-2. bekk í Breiðholti verði lögð af:** Þess í stað verði lögð áhersla á að styrkja þau börn/foreldra sem þurfa á hjálpa að halda til að börnin geti tekið þátt í íþrótt-, lista- eða frístundastarfi í Breiðholti. Áhersla verði lögð á að styrkja þá sem virkilega þurfa á aukastyrkveitingu að halda og að allir aðilar sem vinna með börnum í hverfinu verði upplýstir um styrktarsjóðinn sem hægt verður að sækja í og er nánar getið í 7. lið hér að neðan.

3. **Allt íþrótt- og frístundastarf fyrir 1.-2. bekk verði í boði frá kl. 14:00-17:00** á virkum dögum á haust- og vorönn.

4. **Frístundarúta standi börnum í 1.-4. bekk til boða á milli 14:00-16:00** alla virka daga á haust- og vorönn. Lögð verður áhersla á að auka framboð íþrótt-, lista- og frístunda í hverfi 111 til að minnka þörf fyrir ferðalög á milli Efra-Breiðholts og Seljahverfis. Fyrir þau börn sem þurfa að fara á milli hverfa til að stunda sitt áhugamál verður áfram boðið upp á frístundarútu á milli 14:00-16:00 en gegn gjaldi eins og í öðrum hverfum borgarinnar.

5. **Öflug kynning** í samstarfi við leikskóla, grunnskóla, frístund, íþrótt- og frístundaaðila og sendiherra. Útgáfa og dreifing bæklinga, myndbanda og auglýsinga á fjölda tungumála í prent- og netmiðlum, í grunnskólum, meðal íbúa hverfisins og meðal útvaldra markhópa.

6. **Íslenskupjálfun, félagsleg virkjun og samfélagsleg þátttaka verði eflað** með þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi. Þjálfurum og leiðbeinendum standi reglulega til boða að sækja námskeið til að efla færni sína á þessum sviðum.

7. Styrktarsjóður til eflingar íþróttá- og frístundabátttöku

Sjóðurinn styrkir börn og foreldra sem skortir fjármuni til að kosta þátttöku barna sinna í íþróttum, listum og öðru frístundastarfi.

8. Íþróttahúsið við Austurberg og aukið framboð íþróttá-, lista- og frístundastarfs í hverfi 111.

Fram hefur komið í könnunum sem gerðar hafa verið í grunnskólum hverfisins og meðal foreldra að ákall er eftir fjölbreyttara íþróttáframboði í hverfi 111 en hefur verið um árábil. Við þessum óskum þarf að bregðast og í vetur hafa verið gerðar tilraunir með að bjóða upp á nýjar íþróttagreinar samkvæmt framkomnum óskum. Aðstæður voru skapaðar fyrir nýjar íþróttagreinar í íþróttahúsinu við Austurberg haustið 2022 og tryggja þarf að slíkt verði mögulegt áfram. Þessi áætlun gerir ráð fyrir að unnið verði markvisst í því að auka framboð íþróttá-, lista- og frístundastarfs í hverfi 111 og þar með að draga úr þörf fyrir ferðir barna og unglunga á milli hverfa eða út fyrir hverfið til þátttöku.

9. **Íþróttá- og frístundatengill** starfi í Breiðholti við að kynna íþróttá- og frístundakosti fyrir börnum og foreldrum ásamt því að aðstoða við skráningar og fyrstu skref barnanna til þátttöku. Reynsla er komin á þetta fyrirkomulag í hverfinu og augljóst að starfið hefur gríðarlega þýðingu. Íþróttá- og frístundatengillinn hefur kynnt íþróttá og frístundastarfið reglulega með heimsóknum í hverja einustu bekkjardeild allra grunnskólanna í hverfinu. Hann vinnur í nánú samstarfi við skólástjórnendur og kennara við að finna börn sem eru félagslega óvirk og aðstoðar þau og foreldra þeirra við að bæta virkni barnsins.

10. **Víðtækt samvinna** verði áfram um að auðvelda þátttöku barna í íþróttá- og frístundastarfi.

Áframhaldandi markvisst samstarf Suðurmiðstöðvar, leikskóla, grunnskóla, frístundar og íþróttá-, lista- og frístundaaðilar verði fest í sessi og eflt enn frekar.

Kostnaðaráætlun vegna ársins 2024:

1. Íþróttaverkefni leikskólanna á vor og haustönn: 2x1.500.000	3.000.000
2. Aukastyrkveiting kr. 30.000 ári til allra barna í 1.-2. bekk í Breiðholti:	0
3. Íþróttastarf 1. -2. bekkjar á milli kl. 14:00-17:00	0
4. Frístundarúta	0
5. Kynningarmál	3.000.000
6. Íslenskuþjálfun, félagsleg virkni. Fræðsla fyrir leiðbeinendur og þjálfara	2.000.000
7. Styrktarsjóður	6.000.000
8. Íþróttahúsið við Austurberg	0
9. Íþróttá og frístundatengill	9.000.000
10. Víðtæk samvinna	0
<hr/> Samtals	<hr/> 23.000.000

Reykjavík 14. apríl 2023

F.h. Suðurmiðstöðvar

Þráinn Hafsteinsson, verkefnisstjóri frístunda og félagsauðs
Jóhannes Guðlaugsson, íþróttá- og frístundatengill

Tillaga að nýtingu aðferða og reynslu af tilraunverkefninu „Frístundir í Breiðholti“ í öðrum borgarhlutum Reykjavíkur.

Ljóst er að verklag og aðferðir tilraunaverkefnisins „Frístundir í Breiðholti“ geta nýst vel við þær aðstæður þar sem hlutfall barna af erlendum uppruna er hátt í öðrum hverfum Reykjavíkur. Því er lagt til að valin verði ákveðin svæði, hverfi eða skólahverfi í borginni og aðferðafræðin nýtt. (Sjá nánar um árangur og aðferðir tilraunaverkefnisins í skýrslu um tilraunaverkefnið „Frístundir í Breiðholti“.) Lykilatriðin sem þarf að sinna eru eftirfarandi:

1. **Að velja svæði**, hverfi eða skólahverfi sem hafa þörf fyrir sérstakar aðgerðir til að efla þátttöku í íþróttum og frístundum s.s. þar sem hlutfall barna af erlendum uppruna er hátt, þátttaka í íþrótt- og frístundastarfi barna er lág og nýtinga frístundakortsins lág. Hugsanlega mætti miða við skólahverfi þeirra 10 skóla í Reykjavík þar sem þessar aðstæður eru mest áberandi.
2. **Að ráða íþrótt- og frístundatengil** til að stýra verkinu. Aðferðirnar og árangurinn af starfi íþrótt- og frístundatengils í Breiðholti gefur eindregið til kynna að slíkur starfsmaður sem virkjar samstarfsaðila, foreldra og börn til virkrar þátttöku í samfélaginu sé nauðsynlegur þar sem íbúasamsetningin er fjölbreytt.
3. **Að auka samstarf** aðila á völdum svæðum sem vinna með börnum. Átt er við miðstöð svæðis/hverfis, leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöð, íþróttafélög, æskulýðsfélög og aðra aðila sem vinna með börnum. Íþrótt- og frístundatengill hefur það hlutverk að tengja þessa aðila saman til góðra verka.
4. **Að stórauka kynningu**: Að hætti verkefnisins í Breiðholti verði nýttar þrjár megin leiðir til að kynna íþrótt- og frístundastarf á viðkomandi svæði. 1. Reglulegar kynningar í öllum bekkjardeildum grunnskóla svæðisins. 2. Kynningar í gegnum leiðtoga mál- og menningarhópa af erlendum uppruna. 3. Gerð og dreifing bæklinga, myndbanda, auglýsinga og annars kynningarefnis með landpósti, fjölmiðlaauglýsingum og netmiðlaauglýsingum og öðrum tiltækum leiðum. Íþrótt- og frístundatengill stýrir þessum þætti.
5. **Íslenskubjálfun, félagsleg virkjun og samfélagsleg þátttaka** verði eflað með þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi. Þjálfurum og leiðbeinendum standi reglulega til boða að sækja námskeið til að efla færni sína á þessum sviðum. Íþrótt- og frístundatengill sér til þess að námskeiðin fari fram reglulega og fær til kennslu sérfræðinga á þessu sviði.
6. **Styrktarsjóður til eflingar íþrótt- og frístundapátttöku**. Sjóðurinn styrkir börn og foreldra sem skortir fjármuni til að kosta þátttöku barnanna í íþróttum og frístundum. Íþrótt- og frístundatengill tekur á móti umsóknum og leggur þær fyrir sjóðsstjórn til afgreiðslu og kynnir niðurstöður fyrir umsækjendum.
7. **Möguleg fjármögnun**. Hafa mætti til viðmiðunar við fjármögnun þá fjármuni sem ekki koma inn á viðkomandi svæði vegna vannýtingar á frístundakortum íbúanna miðað við meðalnýtingu í Reykjavík.

Reykjavík 14. apríl 2023

F.h. Suðurmiðstöðvar

Þráinn Hafsteinsson, verkefnisstjóri frístunda og félagsauðs

Jóhannes Guðlaugsson, íþrótt- og frístundatengill